

41. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

41. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 14. júní 2017 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1703138 – Uppbygging á hjólreiða- og göngustígum í Árborg
	Stjórnin fagnar styrkveitingu Vegagerðarinnar til sveitarfélagsins til uppbyggingar göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu. Styrkurinn verður notaður til uppbyggingar göngustíga meðfram Suðurlandsvegi og Eyrarbakkavegi. Framlag Vegagerðarinnar í ár er 20 milljónir og mótframlag sveitarfélagsins er 20 milljónir. Stjórnin samþykkir að sækja um viðauka við fjárfestingaráætlun að upphæð 12 milljónum til verkefnisins.
2.	1612166 – Samningur um jarðhitaréttindi í Oddgeirshólum
	Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar kynntu stöðu mála varðandi hugsanlega heitavatnsöflun í landi Oddgeirshóla.

3.	1507013 – Rannsóknir og jarðhitaleit í nágrenni við Selfosskirkju og Ölfusárbrú
	Farið yfir stöðu mála vegna holu SE-34 við Jórutún. Holan gefur talsvert magn af 62-63°C heitu vatni með ásættanlegum niðurdrætti vatnsborðsins. Kannað verður á næstunni hvort holan reynist virkjanleg til rekstrar.
4.	1701042 – Útboð á hönnun á dælustöð og miðlun hitaveitu
	Stjórnin samþykkir að óska eftir tilboðum í hönnun á dælustöð og miðlun hitaveitu að Austurvegi 67. Verkið rúmast innan fjárfestingaráætlunar ársins.
5.	1705016 – Útboð á sorphirðu í Árborg
	Lögð fram niðurstaða útboðs á verkinu „Sorphirða fyrir heimili, stofnanir og gámastöð Árborgar“. Samþykkt hefur verið að ganga til samninga við lægstbjóðanda Íslenska Gámafélagið.
6.	1706057 – Lagfæringar á yfirborði við Selfossveg og Eyraveg 2
	Stjórnin samþykkir að fara í lagfæringar á umhverfi og yfirborði við Selfossveg og Eyraveg 2 samkvæmt teikningum frá Landhönnun. Óskað verður eftir viðbótarfjárveitingu vegna verksins.
7.	1706058 – Gatnagerð í Hagalandi 2017-2018
	Kynntar voru breytingar á deiliskipulagi fyrir reit CD í Hagalandi. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að undirbúa verkhönnun svæðisins og leggja fram kostnaðaráætlun vegna verksins.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:00

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Ingvi Rafn Sigurðsson		Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Jón Tryggvi Guðmundsson